


- Uppruni verðbólgu á Íslandi
- Væntingar Íslendinga
- Falið atvinnuleysi á Íslandi
- Vinnuskipti
- Matarverð á Íslandi og gengi krónunnar

HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR	615.000 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	3,1%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	0,0%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	2,3%
Fjöldi félagsmanna VR	36.300

Hagvöxtur á mann. Spá 2018 -2021




Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Uppruni verðbólgunnar á Íslandi

Frá upphafi árs 2011 hefur verðlag á Íslandi hækkað um tæp 28%. Vísitala neysluverðs lýsir því hvernig verðlag á öllum vörum hefur hækkað að meðaltali. Oft er gagnlegt að skoða hvernig undirliðir eru að þróast. Þó vísitala neysluverðs hækki um 28% getur þróun ýmissa undirliða verð nokkuð misjöfn. Mynd 1 sýnir þetta. Til að mynda hefur vísitalan húsnæði, hiti og rafmagn hækkað um 66% frá janúar 2011 fram til desember 2018. Á sama tímabili lækkaði verð á pósti og síma um 21%.

Þetta er fróðlegt fyrir þær sakir að neysla heimila getur verið nokkuð ólík. Ef einstaklingur fer mikið á veitingastaði en kaupir lítið af fötum má segja að hans verðbólga sé hærri í samanburði við þann sem fer lítið á veitingastaði en kaupir mikið af fötum. Á tímabilinu hefur verð á hótél og veitingastöðum hækkað um tæp 36% en verð á fötum og skóm hækkað um 2,6%.

Mynd 1 – Uppruni verðbólgu á Íslandi – Undirflokkar vísitölur neysluverðs



Væntingavísitalan og kaupmáttur launa

Væntingar Íslendinga til stöðu efnahagslífsins og atvinnubrúna á árinu 2018 voru sambærilegar og árið 2015, í kringum 100 stig að meðaltali yfir árið sem þýðir að jafnmargir voru bjartsýnir og svartsýnir. Vísitalan lækkaði hins vegar jafnt og þétt á árinu 2018, í upphafi árs þegar hún var hæst mældist hún 121,5 stig en fór niður í 80 stig í desember. Ef vísitalan mælist yfir 100 stig eru fleiri bjartsýni en svartsýnir. Sé vísitalan fyrir neðan 100 eru hins vegar fleiri svartsýnir.


Á mynd 2 má sjá að jákvæðni jókst frá aldamótum fram til ársins 2007. Hæst mældist vísitalan í maí það ár, 154,9 stig, en lækkaði síðan á næstu misserum, í 19,5 stig þegar hún var lægst í upphafi árs 2009. Eftir það hækkaði hún nánast stanslaust til ársins 2016, í október það ár var vísitalan komin í 144,3 stig. Á síðustu tveimur árum hefur hún hins vegar lækkað aftur og fór niður í 75,8 í nóvember á síðasta ári. Á mynd 2 má sjá þróun ársmeðaltals vísitölunnar frá árinu 2001. Mánaðarlega vísitölu má svo sjá í mælaborðinu aftast í Efnahagsyfirlitinu.

Það vekur athygli að karlar eru almennt bjartsýnni en konur á efnahags- og atvinnuástandið. Árið 2018 voru þeir yfir 100 stigum, fleiri karlar voru jákvæðir en neikvæðir, en konurnar voru undir þeim jafnvægispunkti. Karlar hafa reyndar alltaf verið aðeins bjartsýnni en konurnar eins og sjá má á mynd 3.


Þá má einnig sjá mun eftir öðrum þáttum, eins og aldri, menntun og tekjum. Almennt eru þeir tekjuhærri og meira menntaðir bjartsýnni en þeir sem hafa lágur tekjur og minni menntun. Og þegar litið er til aldurs má sjá að það dregur úr jákvæðni eftir því sem aldurinn færir yfir.

Mynd 4 sýnir væntingavísitölu Gallup og breytingar á kaupmáttarvísitölu Hagstofunnar. Eins og myndin ber með sér er sterk fylgni milli þessarar tveggja vísitalna, sem kemur líklega fáum á óvart.


Mynd 2 – Væntingavísitala Gallup (ársmeðaltal)



Mynd 3 – Væntingavísitala Gallup eftir kyni (ársmeðaltal)



Mynd 4 – Væntingavísitala og þróun kaupmáttarvísitölu Hagstofunnar



Falið atvinnuleysi á Íslandi

Atvinnuleysi á Íslandi mælist lítið. Á þriðja ársfjórðungi 2018 var 1,8% einstaklinga á aldrinum 16-74 ára atvinnulaus en 1,4% sé aðeins horft til 25 – 54 ára. Í samanburði við önnur Evrópulönd er atvinnuleysi næst lægst á Íslandi. Tölur um atvinnuleysi hafa þó fengið á sig nokkra gagnrýni. Fyrst var fjallað um gallann á skilgreiningu atvinnuleysis í Efnahagsyfirliti VR í janúar 2016. Þar var einnig talað um falið atvinnuleysi. Hér eru nýjar tölur um falið atvinnuleysi birtar og fjallað stuttlega um gallann á opinberum tölum um atvinnuleysi.

Til að teljast atvinnulaus þarf að uppfylla tiltekin skilyrði. Þau eru eftirfarandi:

- 1) Hafa leitað sér vinnu sl. fjórar vikur og eru tilbúnir að hefja störf innan tveggja vikna frá því rannsóknin er gerð.
- 2) Hafa fengið starf en ekki hafið vinnu.
- 3) Bíða eftir að vera kallaðir til vinnu.
- 4) Hafa gefist upp á að leita að vinnu en bjóðist þeim starf eru þeir tilbúnir að hefja vinnu innan tveggja vikna.

Hagfræðingar hafa margir gagnrýnt þessa skilgreiningu sökum þess að fjölmargir einstaklingar eru án atvinnu án þess að teljast atvinnulausir. Hér er ekki átt við þá sem t.d. ekki vilja vinna, geta ekki unnið eða námsmenn. Einstaklingur sem vill vinna en getur ekki hafið störf innan tveggja vikna telst ekki atvinnulaus skv. skilgreiningu á atvinnuleysi en er þó sannarlega án atvinnu og vill vinna.

Falið atvinnuleysi er skilgreint hér sem þeir aðilar sem uppfylla eitthvað af eftirfarandi skilyrðum:


- Eru í hlutastarfi en vilja vinna meira
- Tilbúnir að vinna en ekki að leita
- Að leita en ekki tilbúnir að vinna

VR hefur birt þessar upplýsingar áður með það að markmiði að draga fram frekari upplýsingar um þá sem eru ekki í vinnu eða vilja vinna meira. Hlutfallið hefur lækkað fyrir bæði kynin undanfarin ár. Stuttu eftir hrun uppfylltu um 8% kvenna á aldrinum 25 – 54 ára eitthvað af ofangreindu. Á þriðja ársfjórðungi 2018 var hlutfallið komið niður í 5,2% sem er í takt við árin fyrir hrun. Fyrir karla á sama aldri var hlutfallið 2,3% á þriðja ársfjórðungi 2018 sem er nokkuð hærra en meðaltalið fram að hruni.

Þeir einstaklingar sem uppfylla eitthvert ofangreindra skilyrða teljast ekki atvinnulausir. Sá sem er í hlutastarfi en vill vinna meira er í raun að hluta til atvinnulaus. Það má því segja að atvinnuleysi sé hærra en almennt er talið m.v. opinberar tölur.

Nokkuð hefur verið rætt um sama galla í Bandaríkjunum. Þar sýna tölur aðeins 3,9% atvinnuleysi. Sé hins vegar stuðst við mælikvarða sem tekur tillit til þeirra sem eru sannarlega atvinnulausir en uppfylla ekki öll viðeigandi skilyrði, mælist atvinnuleysi í Bandaríkjunum 7,6%. Það er tæplega tvöfalt meira atvinnuleysi en opinberu tölurnar segja til um. Álíka sögu er að segja um stöðuna í Evrópu.

Mynd 5 – Falið atvinnuleysi eftir kyni



Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar VR

Á Íslandi eru tölurnar einnig sláandi. Nýjustu upplýsingarnar eru frá þriðja ársfjórðungi 2018. Taflan sýnir atvinnuleysi og falið atvinnuleysi fyrir karla og konur á aldrinum 25 – 54 ára.

	Atvinnuleysi	Falið atvinnuleysi	Samtals
Karlar	1,4%	2,3%	3,7%
Konur	1,5%	5,2%	6,7%

Heimild: Hagstofa Íslands


Það er því óhætt að segja að raunverulegt atvinnuleysi sé nokkuð hærra en opinberar tölur benda til. Það er sérstaklega mikilvægt að hafa þessar upplýsingar í huga þegar illa árar til að ofmeta ekki stöðu vinnumarkaðarins.

Vinnuskipti

Fjöldi einstaklinga sem skipta um vinnu er breytilegur eftir stöðu efnahagslífsins. Ekki er óeðlilegt að ganga út frá því að þegar vel árar hugsí fleiri sér til hreyfings, enda nóg af tækifærum í uppsveiflu. Mynd 6 sýnir hlutfall félagsmanna VR sem skiptir um vinnu í hverjum mánuði. Árin eftir þjóðarsátt 1990 var lítið um að fólk skipti um vinnu. Frá 1997 fram til 2000 voru vinnuskipti mun tíðari enda uppgangur í íslensku efnahagslífi. Eftir að dot.com bólan sprakk í kringum 2001 tók að hægja á vinnuskiptum. Þau tóku þó fljótt við sér enda hófst mikil uppsveifla í íslensku efnahagslífi í kringum 2004.

Eftir hrun 2008 dró verulega úr því að félagsmenn VR skiptu um vinnu. Frá 2011 hefur lítið verið um vinnuskipti þrátt fyrir mikinn uppgang í íslensku efnahagslífi. Hér er þó aðeins lítið til þeirra sem skipta um vinnu og halda áfram að greiða til VR. Engar vísbendingar eru þó um félagsmenn séu að fara úr VR meira en undanfarin ár. Það má því draga þá ályktun að fólk kjósi að halda sig við sitt starf og skipti síður en í fyrri uppsveiflum.

Mynd 6 – Hlutfall félagsmanna VR sem skiptir um vinnustað og heldur áfram að greiða til VR




Matarverð á Íslandi og gengi krónunnar

Í byrjun febrúar birti Alþýðusamband Íslands niðurstöður könnunar á vöruverði í Reykjavík og Helsinki. Í kjölfarið skapaðist mikil umræða tengd könnuninni. Fjölmarginn hefur verið nefnt sem ástæða verðmunar á Íslandi og Finnlandi eða annarra landa.

Einn af stóru þáttunum sem hefur áhrif á verðsamanburð milli Íslands og annarra landa er gengi krónunnar. Mynd 7 sýnir matarverð á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin ásamt gengisvísitölu krónunnar. Þegar krónan er sterk er verðlag á Íslandi hátt í samanburði við önnur lönd. Þegar gengi krónunnar er lágt er verðlag á Íslandi lágt í samanburði við önnur lönd. Í kjölfar hrunsins 2008 lækkaði gengi krónunnar töluvert. Árin 2008 – 2014 var matarverð á Íslandi lægra en í hinum Norðurlöndunum að 2010 undanskildu þegar verðlag á Íslandi var lítillega hærra en í Finnlandi. Þetta tímabil einkenndist einnig af veikri krónu. Frá 2014 til 2017 styrktist gengi krónunnar töluvert og matarverð á Íslandi mældist hærra en á hinum Norðurlöndunum.


Mynd 7 – Matarverð á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin.



Heimild: Hagstofa Evrópusambandsins, Seðlabanki Íslands, útreikningar VR


Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Kaupmáttarvísitala VR og Hagstofu
Vísitölur = 100 í janúar 1990




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólguþröngunarmarkmiðs Seðlabanka Íslands




Verðbólga og verðbólguþröngunarmarkmið til næstu þriggja mánaða

Meðaltal af spám stóru viðskiptabankanna þriggja



Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR


Húsnæðisverð miðað við útborguð laun félagsmanna VR
Þegar línan hækkar þá er húsnæðisverð að hækka umfram útborguð laun félagsmanna VR



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR


Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Vextir fasteignalána og stýrivextir Seðlabankans



Útlán til heimila og fyrirtækja


Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er tekið tillit til útgefna markaðsskuldabréfa¹



Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR


Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna

Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er ári



Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan

Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli kostar




Heimild: Seðlabanki Íslands

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun



Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði meðal fyrirtækja innan VR



¹ Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrta (þ.m.t. íbúðalánasjóður)